

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 26. ágúst 2014
2014070011/42-8
SE/JGO

Heilisqueiðarvirkjun

Visað er til bréfs Orkustofnunar dags. 14. júlí sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Orku náttúrunnar (On) um endurskoðun nýtingarleyfis fyrir jarðhita á Hellisqueiði.

Í greinargerð On sem fylgir bréfinu er birt kort (mynd 1, bls. 3) sem sýnir „afmörkun svæðis fyrir endurskoðað leyfi til jarðhitanytingar á Hellisqueiði.“ Samkvæmt 2. gr. í gildandi nýtingarleyfi, útg. 22. október 2008, tekur leyfið til nýtingar jarðhita á virkjunarsvæði leyfishafa á Hellisqueiði. Í gildandi virkjunarleyfi, dags. 3. júní 2011, afmarkast athafnasvæði virkjunarinnar af skilgreindu iðnaðarsvæði samkvæmt gildandi skipulagsáætlun sveitarfélagsins Ölfuss.

Náttúrufræðistofnun lítur því svo á að gildandi nýtingarleyfi nái aðeins til þeirra svæða á Hellisqueiði sem afmörkuð eru sem iðnaðarsvæði, sbr. mynd 1 á bls. 3 í greinargerð On.

Í kafla 1.2 í greinargerðinni segir að fyrirhuguð framkvæmd, þ.e. tenging Hellisqueiðarvirkjunar við borholur við Hverahlíð, styðji við full afköst í virkjuninni næsta áratuginn. Einnig segir:

„Upplýsingar fást um háhitasvæði við Hverahlíð áður en ákvörðun er tekin um framtíðarnýtingu þar.“

Ákvarðanir um framtíðarnýtingu við Hverahlíð munu ráðast af fleiri þáttum en þeim sem snúa að jarðhitasvæðinu. Svæðið sem On óskar eftir að verði skilgreint sem nýtingarsvæði nær til svæða á náttúruminjaskrá, hverfisverndarsvæða og mikilvægra vatnsverndarsvæða, sbr. mynd 8. Þá er ósk On um stærð svæðisins algerlega órökstudd.

Náttúrufræðistofnun leggst gegn hugmyndum On um stækkun þess svæðis sem nýtingarleyfið nær til og telur þær ótímabærar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við að nýtingarleyfi verði breytt í þá veru að On



verði ótvírætt heimilt að tengja gufulagnir frá Hverahlíð við Hellsheiðarvirkjun.

Að öðru leyti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við umsókn On um endurnýjun nýtingarleyfis en bendir á að í virkjunarleyfi fyrir Hellsheiðarvirkjun, útg. af iðnaðarráðuneyti 22. okt. 2008 er vísað til þess að í umsögn Orkustofnunar um málið komi fram að stofnunin telji að jafnan eigi að miða við a.m.k. 100 ára vinnslu án verulegra áhrifa á vinnslugetu háhitasvæða. Bent er á að því fer fjarri að þetta hafi gengið eftir jafnframt því að ekki verður ráðið af upplýsingum á heimasíðu Skipulagsstofnunar að fram hafi farið mat á umhverfisáhrifum 270 MW vinnslu hrávarma í Hellsheiðarvirkjun.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

